# Kærleikur og kurteisi

Kærleikur og kurteisi kosta ekki neitt,
það bætir ekkert að rífast og slást.
Pössum hvað við segjum því orð þau geta meitt
og dreifum gleði og ást!

Mig dreymir um heim þar sem öllum líður vel,
þann heim er hægt að skapa að ég tel.
Ef við hættum bara að dæma því það er ekki til neins
við þurfum ekki öll að vera eins!

Kærleikur og kurteisi kosta ekki neitt,
það bætir ekkert að rífast og slást.
Pössum hvað við segjum því orð þau geta meitt
og dreifum gleði og ást!

Getum við reynt að vera öll góð við hvert annað,
einelti og baktal er alveg bannað.
Leyfum öllu fólki að vera eins og það er
því fjölbreytni er það besta sem til er!

Kærleikur og kurteisi kosta ekki neitt,
það bætir ekkert að rífast og slást.
Pössum hvað við segjum því orð þau geta meitt
og dreifum gleði og ást!

Lag og texti
Gísella Hannesdóttir